



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
b/t Kristínar Einarsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

13. nóvember 2014

Efni: Umsögn Costco Wholesale Corporation um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, (smásala áfengis - 17. mál).

Costco Wholesale Corporation, („Costco“) var stofnað árið 1983 í Seattle, Washingtonríki í norðvesturhluta Bandaríkjanna. Félagið rekur í dag um 670 vöruhús í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó, Bretlandi, Spáni, Kóreu, Japan, Taiwan og Ástralíu. Hjá félaginu starfa um 200.000 manns og eru aðildarmeðlimir yfir 71 milljón.

Costco hefur áhuga á að opna vöruhús á Íslandi. Í því ljósi viljum við kynna fyrir nefndinni sjónarmið okkar um ofangreint frumvarp og þökkum fyrir tækifæri til þess að veita umsögn um málið á þessu stigi.

Costco er verslanakeðja sem byggir á félagsaðild viðskiptavina sinna. Costco selur meðlimum sínum hefðbundnar neysluvörur svo sem matvæli, heimilistæki og margvíslegar sérvörur, þ. á m. áfengi bæði í smásölu og heildsölu. Costco er einn stærsti söluaðili áfengis í heiminum og selur áfengi í samræmi við lög og reglur á hverjum stað. Félagið býr því yfir mikilli þekkingu og reynslu á smásölu áfengis. Þar sem starfsemi félagsins er alþjóðleg og fer fram í ýmsum lögsögum gilda staðbundnar reglur um þessa sölu. Til dæmis er áfengi selt á afmörkuðu svæði í sumum vöruhúsum okkar og jafnvel það afmarkað að viðskiptavinurinn þarf að greiða fyrir vöruna á þessu afmarkaða svæði. Á öðrum stöðum í heiminum er það selt innan um aðrar vörur. Á enn öðrum stöðum er það selt í byggingum sem eru ekki samtengd sjálfu vöruhúsinu. Sum vöruhús selja eingöngu bjór og léttvín en önnur vöruhús selja allar tegundir áfengis. Fáir, ef nokkur, hafa þannig jafn viðtæka reynslu af sölu áfengis í ólíku lagaumhverfi eins og við. Þá er rétt að áréttta að aðgangur almennings að vöruhúsum okkar er

takmarkaður við meðlimi sem greiða árgjald fyrir aðild. Framvísa þarf meðlimakorti í hvert skipti sem verslað er í vöruhúsum félagsins. Fyrirkomulag þetta getur verið þáttur í því að tryggja að einstaklingar undir lögbundnum áfengis kaupaldri kaupi ekki áfengi. Að auki hefur félagið til staðar öryggiskerfi og verkferla til að koma í veg að áfengi sé selt ungmennum. Reynsla Costco af sölu áfengis um nær allan heim gæti vel nýst hér á landi við að auðvelda þá yfirfærslu sem mun eiga sér stað, ef frumvarpið verður samþykkt, frá áfengisútsölustöðum ÁTVR yfir til einkaaðila.

Costco leggur einnig áherslu á að viðskiptavinir sínir fái notið gæðavara. Félagið er einn til að mynda stærsti innflytjandi franskra vína til Bandaríkjanna. Við höfum því nú þegar komið á viðskiptasamböndum sem gætu leitt til nýbreytni og aukið úrval léttvína sem og annarra áfengistegunda.

Við viljum með þessari umsögn lýsa ánægju okkar með framkomið frumvarp sem felur í sér aukið frelsi í smásölu á Íslandi. Það er ekki hlutverk ríkisins að sinna smásölu. Hlutverk ríkisins er að setja reglur um smásölu og hafa eftirlit með henni ef nauðsyn þykir. Það er hins vegar hlutverk einkaaðila að selja vörur og þjónustu í samræmi við þær reglur sem stjórnvöld hafa sett. Þetta sjónarmið á við um áfengi sem aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur eins og t.d. lyf. Stjórnvöld eiga setja reglur um áfengissölu en leyfa einkaaðilum að sjá um söluna.

Við hvetjum til þess að frumvarpið nái fram að ganga. Verði það samþykkt mun það veita okkur tækifæri, ef af opnun vöruhús okkar verður, að bjóða Íslendingum upp á sambærilegt vöruúrval og gerist í vöruhúsum okkar á öðrum stöðum í heiminum.

Við viljum jafnframt lýsa yfir vilja til að koma fyrir nefndina og ræða sjónarmið og reynslu Costco af sölu áfengis og hvernig ofangreint frumvarp geti orðið að veruleika. Vinsamlegast hafið samband við Guðmund Ingva Sigurðsson hrl. á LEX (guðmundur@lex.is) varðandi fundartíma nefndarinnar.

f.h. Costco Wholesale Corporation



Roger Campbell,

Senior Vice President of Operations